

Ár 2008, föstudaginn 11. apríl 2008 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið af Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 4/2008  
Skíðadeild ÍR kt. 631177-0189  
gegn  
Skíðasambandi Íslands kt. 590269-1829

Upp er kveðinn svohljóðandi

#### **úrskurður:**

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu kæranda, Skíðadeildar ÍR föstudaginn 4. apríl 2008 vegna ákvörðunar Skíðasambands Íslands varðandi stigagjöf í Bikarkeppni SKÍ sem birt var á heimasíðu sambandsins fimmtudaginn 27. mars 2008.

Samkvæmt grein 24.1 í lögum Íþróttá- og Olympíusambands Íslands er kærufrestur til dómstóls ÍSÍ ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða.

Af framansögðu er ljóst að kærufrestur vegna framangreinds atviks er liðinn.

Úrskurð þennan kveður upp Gunnar Guðmundson dómsforseti í Dómstól ÍSÍ. Dómur þessi er sendur skrifstofu ÍSÍ með símbrefi og tölvupósti, en starfsmenn skrifstofunnar munu annast lögformlega birtingu dómsins gagnvart málsaðilum.

#### **Úrskurðarorð:**

Máli Skíðadeildar ÍR gegn Skíðasambandi Íslands er vísað frá Dómstól ÍSÍ.

Gunnar Guðmundsson